

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Laxár í Leirársveit.

1. gr.

Nafn félagsins er Veidifélag Laxár í Leirársveit, kt. 430774-0269.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinnna jarða og landareigna, sem land eiga að ósasvæði Laxár og fiskihverfi Laxár frá ósasvæði að ólaxgengum fossi í Draghálsa.

Þær eru:

Akurey	Glammasaðir	Leirá	Stóri-Lambhagi II
Arkarlækur	Hlíð	Litla-Fellsöxl	Stóri-Lambhagi III
Bakki	Hlíðarfótur	Litli-Lambhagi	Svarfhóll
Beitistaðir	Hóll	Lækur	Tunga
Bekansstaðir	Hurðarbak	Melkot	Vallarnes
Dragháls	Hvítanes I	Saurbær	Vestra-Miðfell
Eyri	Hvítanes II	Skipanes	Vestra-Súlunes
Eystra-Súlunes	Kambshóll	Skorholt	Vogatunga
Fellsaxlarkot	Kjalardalur	Steinsholt	Þórisstaðir
Geitaberg	Lambhagi	Stóri-Lambhagi I	

4. gr.

Verkefni félagsins eru að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Til að slík ákvörðun nái fram að ganga þarf samþykki 2/3 atkvæðisþærra fundarmanna. Stjórn félagsins er heimilt að reka gístaðstöðu og mótuneyti fyrir veiðimenn og leigutaka.

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn veidifélagsins skipa fimm (5) menn, formaður og fjórir (4) meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna, þannig: Formaður gengur út eftir eitt (1) ár, tveir (2) meðstjórnendur eftir tvö (2) ár og tveir (2) eftir þrjú (3) ár. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa þrjá (3) varastjórnendur til eins (1) árs í senn og skal atkvæðavægi ráða hver er fyrsti varamaður, hver annar og hver þriðji. Ef atkvæði falla jöfn skal hlutkesti ráða.

6. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisþærr félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú (3) ár.

Á aðalfundi skal kjósa tvo (2) skoðunarmenn reikninga og einn (1) skoðunarmann til vara ár hvert. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna.

7. gr.

Stjórn veidifélagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem

vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar og ákveður hvar þeir skuli haldnir. Heimilt er að halda stjórnarfundum með síma- og/eða fjarfundarbúnaði vegna þeirra stjórnarmanna sem ekki komast á boðaðan fundarstað. Fundargerð slíks stjórnarfundar skal undirrituð á næsta stjórnarfundum af þeim stjórnarmönnum sem nýttu sér síma- og/eða fjarfundarbúnað.

9. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram hvaða reglur gildi um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

10. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er í því tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú (3) mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

11. gr.

Fundi í félaginu, aðalfund, aukafundi og félagsfundum, skal boða skriflega með dagskrá til allra veiðiréttarhafa eigi síðar en tíu (10) dögum fyrir fundardag. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundum ræður afl atkvæða. Um atkvæðagreiðslu um ráðstöfun veiði fer samkvæmt 4. gr. samþykktar þessarar. Sé skriflegrar atkvæðagreiðslu óskað skal hún fara fram og hennar getið í fundargerðabók.

Skylt er að boða fundum í félaginu með ábyrgðarbréfi, með minnst tíu (10) daga fyrirvara, ef breyta á samþykkt félagsins eða arðskrá eða ráðstafa veiði á félagsfundum. Ef ráðgert er að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði skal þess getið í fundarboði.

12. gr.

Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundum samkvæmt fyrirmælum 11. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og gildir þá eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundargerðabók.

Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundum skulu skráð í fundargerðabók.

13. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef 1/4 félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

14. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykkt félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir skoðunarmenn eigi síðar en einni (1) viku fyrir aðalfund.

15. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

16. gr.

Brot á samþykkt þessari geta varðað viðurlögum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

17. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit, nr. 454/2001.

Fiskistofu, 7. mars 2024.

Guðni Magnús Eiríksson,
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.